

7. gr.

Óheimilt er, án sérstaks leyfis ráðuneytisins, að breyta nýjum og nýkeyptum skipum, sem veiðileyfi fá fyrst eftir 1. janúar 1986 þannig að stærðir þeirra sbr. 2. mgr. 2. gr. aukist. Veiti ráðuneytið slík leyfi skal það gert með því skilyrði, að veiðiréttindi þeirra aukist ekki.

8. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka aðeins til skipa sem eru 10 brl. eða stærri. Aldrei er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi 10 brl. eða stærra veiðileyfi í stað báts eða báta, sem eru minni en 10 brl.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97, 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987 og laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar getur ráðuneytið beitt eldri starfsreglum við mat á því, hvort um sambærileg skip sé að ræða skv. 1. gr., enda hafi ráðuneytinu fyrir gildistöku reglugerðar þessarar borist beiðni um veiðileyfi fyrir nýtt eða nýkeypt skip eða Fiskveiðasjóði Íslands umsókn um lán vegna kaupa eða smíði á nýju skipi. Umsóknum um veiðileyfi eða lán skulu fylgja samningar um kaup eða smíði, fyrirkomulags- og útlitsteikningar ásamt smíðalýsingu, ef um nýsmíði er að ræða.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. febrúar 1987.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278, 1. júlí 1979, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, sbr. reglugerð nr. 451/1979, reglugerð nr. 331/1980, reglugerð nr. 617/1980, reglugerð nr. 628/1981, reglugerð nr. 213/1985 og reglugerð nr. 98/1986.

1. gr.

Í stað 2. mgr. 1. greinar reglugerðarinnar komi eftirfarandi málsgreinar:

Skilyrði fyrir lánveitingu til nýsmíði fiskiskipa innanlands eða erlendis svo og til kaupa á fiskiskipi erlendis frá er að skip sem umsækjandi á af sömu eða svipaðri stærð og afkastagetu, verði eða hafi verið strikað endanlega út af skipaskrá.

Skipið sem strikað er út, verður umsækjandi að hafa átt og rekið í a.m.k. 1 ár áður en umsókn berst. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu að fenginni umsögn sjávarútvegsráðuneytis.

Sé skip keypt erlendis frá skal aldur þess ekki vera yfir 4 ár.

2. gr.

1.–4. tl. A kafla 2. greinar reglugerðarinnar orðist svo:

1. Lán vegna nýsmíði stál- eða eikarskipa og þilfarsbáta úr trefjaplasti innanlands. Lánsfjárhæð má hæst vera 65% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 18 ár.
2. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í stál- eða eikarskip og þilfarsbáta úr trefjaplasti, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis. Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. vegna endurbóta og tækjakaupa, en allt að 65% vegna meiriháttar endurbóta og 80% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 5 ár vegna tækjakaupa, 5-8 ár vegna endurbóta, 8 ár vegna kaupa á aflvél og 8-12 ár vegna meiriháttar endurbóta. Um lánstíma og hámark heimsiglingarlána fer eftir aðalláni. Heimilt er að áskilja sérstaka aukatryggingu.
3. Lán vegna nýsmíði súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta innanlands. Lánsfjárhæð má hæst vera 65% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 10 ár.
4. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta. Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. vegna endurbóta og tækjakaupa, en allt að 65% vegna meiriháttar endurbóta og 50% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 3 ár vegna tækjakaupa, 3-5 ár vegna endurbóta, 6 ár vegna kaupa á aflvél og 5-8 ár vegna meiriháttar endurbóta. Heimilt er að áskilja sérstaka aukatryggingu.

3. gr.

Við 6. grein reglugerðarinnar bætast svofelldar málsgreinar:

Ein reikningseining Fiskveiðasjóðs Íslands skal þann 24. febrúar 1987 í síðasta sinn vera jöfn einu SDR (Special Drawing Rights). Frá og með 25. febrúar 1987 breytist reikningseining Fiskveiðasjóðs Íslands í samræmi við breytingar á vegnu meðaltali erlendra gjaldmiðla, erlendra reikningseininga og vísitölu, allt eftir samsetningu höfuðstóls langtímaskulda og útlána Fiskveiðasjóðs Íslands.

Pegar Fiskveiðasjóður skráir verðgildi reikningseininga sinna (R.F.Í.) skal fyrst liggja fyrir vægi þeirra erlendu gjaldmiðla, erlendra reikningseininga og skulda háðra vísitölu sem til grundvallar er lagt. Vægi hverrar einingar skal þannig fundið, að frá þeirri fjárhæð sem Fiskveiðasjóður skuldar í hverri einingu skulu dregin útlán í sömu einingum og jákvæður mismunur verður hluti vogarinnar. Áður en summa erlendra gjaldmiðla og erlendra reikningseininga kemur inn í vogina skal draga útlán með gengisákvæði frá þeirri summu að því marki sem þau eru háð gengi.

Sjálf reikningseiningin (R.F.Í.) breytist daglega í sama hlutfalli til hækkunar eða lækkunar og verðgildi vogarinnar breytist. Vægi eininga í voginni getur Fiskveiðasjóður endurreiknað eins oft og þurfa þykir en eigi skal það gert sjaldnar en ársfjórðungslega.

Skuldbindingar og kröfur sem í upphafi eru til tveggja ára eða lengri tíma teljast í þessu sambandi langtímaskuldir og útlán.

Eigið fé Fiskveiðasjóðs hefur engin bein áhrif á skilgreiningu reikningseiningar Fiskveiðasjóðs Íslands.

Á sömu dögum og Seðlabanki Íslands skráir verðgildi erlendra mynta í krónum talið skal Fiskveiðasjóður Íslands skrá verðgildi einnar reikningseiningar Fiskveiðasjóðs Íslands í krónum talið með a.m.k. tveimur aukastöfum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44, 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 232/1981.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. febrúar 1987.

Halldór Ásgrímsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ**um skuldbreytingarlán úr Fiskveiðasjóði Íslands.**

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur stofnað til nýs lánaflokks vegna breytinga á lánum fiskvinnslunnar úr sjóðnum í ný lán (skuldbreytingarlán).

2. gr.

Fiskverkendur skulu eiga þess kost að breyta stofnlánum sínum úr Fiskveiðasjóði, hvort sem þau eru í skilum eða vanskilum í ný lán.

Fiskveiðasjóður ákveður endanlega fjárhæð og endurgreiðslu hvers skuldbreytingarláns og tekur þá m.a. tillit til reiknaðrar greiðslubyrði frá árslokum 1985 til afgreiðslu skuldbreytingarláns.

Skilyrði þess að aðili eigi kost á slíku láni er að ljóst sé, að viðkomandi fiskvinnslufyrirtæki verði í eðlilegum rekstri, og að það geti staðið að mati sjóðsins í skilum með greiðslur af öllum lánum sínum úr sjóðnum.

3. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma skuldbreytingarlánanna og skal miðað við að hann verði 3—7 árum lengri en veginn meðallánstími þeirra lána úr Fiskveiðasjóði Íslands sem breytt er. Við ákvörðun lánstíma skal einnig tekið mið af upphaflegum lánstíma viðkomandi stofnlána.

4. gr.

Lánin verði að hálfu í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs Íslands og að hálfu háð lánsklaravísitölu þeirri, er Seðlabankinn skráir, sbr. 39. gr. laga nr. 13, 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o.fl., með breytilegum vöxtum og reiknast vextir af þeim frá 1. janúar 1987.

Gjalddagar lánanna verði 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextir eftir á.

Lánin skulu tryggð með veði í viðkomandi fiskvinnslustöð, sem að mati sjóðsins telst fullnægjandi.

5. gr.

Fiskvinnslufyrirtæki á þess kost að taka alla þá skuldbreytingu sem býðst eða enga.